



Sermitsiaq, fjall sem stendur rétt fyrir utan Nuuk í Grænlandi.
Ljós. Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir

Akraneskaupstaður

2014 – ársskýrsla



HÉRAÐSSKJALASAFN AKRANESS
AKRANES MUNICIPAL ARCHIVES

Í janúar kom stór afhending til safnsins úr fórum Axels Gústafssonar þegar hann afhenti 40 kassa af skjölum frá rekstri Axelsbúðar. Þetta er stærsta afhending sem safninu hefur borist er varðar verslunarsögu Akraness.

Jóhann Jónsson, bifreiðasmiður, afhenti þann 14. janúar, skjöl Sveinafélags málmíðnaðarmanna á Akranesi. Skjölin voru í 52 kössum auk lausra gestabóka og spanna allan starfstíma félagsins en það var stofnað árið 1966.



Jóhann Jónsson, bifreiðasmiður, afhendir skjöl Sveinafélags málmíðnaðarmanna á Akranesi

Í upphafi ársins voru keyptar lagerhillur í geymslu og settar upp. Auk þess að geyma lagervörur taka þær við skjölum sem berast safninu og bíða skráningar og frágangs.

Á fyrstu mánuðum ársins fór gríðarlegur tími í frumvarp um opinber skjalasöfn og var héraðsskjalavörður kallaður tvisvar sinnum fyrir Allsherjar- og menntamálanefnd til að fara yfir athugasemdir við frumvarpið. Í fyrra skiptið var um símafund að ræða en það seinna fór héraðsskjalavörður ásamt 3 öðrum úr stjórn félags Héraðsskjalavarða á fund nefndarinnar. Lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014 voru samþykkt þann 12. júní 2014 og hafa í för með sér ýmsar breytingar á laga- og rekstrarumhverfi héraðsskjalasafna. Nú bíða söfnin eftir reglugerðum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem fylgja munu lögnum.

Í mars fór héraðsskjalavörður ásamt héraðsskjalaverði Borgarfjarðar í heimsókn til héraðsskjalavarðar í Mosfellsbæ. Í þeirri ferð var öll stjórnsýslubyggingin skoðuð og hvernig farið er með skjalamál á þeim bænum ásamt því að skoða héraðsskjalasafnið og bókasafn Mosfellsbæjar. Einnig var okkur boðið að Gljúfrasteini þar sem við skoðuðum hús Halldórs Laxness með leiðsögn.

Ársskýrsla héraðsskjalasafns var kynnt fyrir menningarmálanefnd þann 1. apríl.

3. apríl, fór héraðsskjalavörður á erindi IRMA í Þjóðarbókhöllu um rafrænar undirskriftir.

Héraðsskjalasafnið var lokað í júlí vegna sumarleyfa.

Í ágúst bjó héraðsskjalavörður til ratleik fyrir lokahóf Sumarlesturs barna á bókasafninu.

Í lok ágúst sótti héraðsskjalavörður Vestnorræna skjaladaga í Nuuk í Grænlandi. Ráðstefnan stóð yfir frá 25.-28. ágúst og var þéttskipuð dagskrá frá morgni til kvölds. Ráðstefnuna sóttu skjalaverðir frá Færeyjum, Íslandi og Grænlandi, auk fyrirlesara frá Danmörku og Noregi. Fjöldi fyrirlestra var á ráðstefnunni og sömuleiðis var hún góður vettvangur að ræða við kollega frá þessum löndum og kynnast nýrri menningu.

Ekkert borgarskjalasafn er í Nuuk í dag en unnið er að því að koma upp sögumiðstöð sem verði tileinkuð sögu bæjarins. Að sögn er til töluvert af skjölum og munum sem munu verða í sögumiðstöðinni.

Ráðstefna félags héraðsskjalavarða var haldin í Vestmannaeyjum 24.-26. september.



*Gestir á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða, fyrir utan Eldheima í Vestmannaeyjum.
Ljós. Borgarskjalasafn Reykjavíkur*

Miðvikudaginn 24. september 2014 var haldinn aðalfundur Félags héraðsskjalavarða á Íslands. Kosin var ný stjórn fyrir starfsárið 2014-2015.

Í nýju stjórninni eru:

Hrafn Sveinbjarnarson, héraðsskjalavörður Kópavogi

Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður í Reykjavík

Snorri Guðjón Sigurðsson, héraðsskjalavörður Þingeyinga

Birna Mjöll Sigurðardóttir, héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar

Þorsteinn Tryggvi Mátsson, héraðsskjalavörður Árnesinga

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, héraðsskjalavörður Akraness



*Stjórn félags héraðsskjalavarða
Ljós. Borgarskjalasafn Reykjavíkur*

8. nóv. var norræni skjaladagurinn og af því tilefni keypti héraðsskjalasafnið aðgang að Icelandic Roots gagnagrunninum. Aðgangur var opinn þeim gestum sem komu á safnið. Einnig tók safnið þátt í að senda inn efni á skjaladagur.is þar sem þemað var tengt Vesturförum.

Afhendingar til safnins voru 50 talsins.

Í tveimur af þessum afhendingum var fjöldi pappakassa með skjölum 90. Af þeim er búið að skrá og ganga frá úr 55 kössum.

Gestakomur ársins: 496.

Fyrirspurnir: 60.

Á vordögum 2015

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, héraðsskjalavörður Akraness